



Barna og unglingastarf ÍR Handbolta



2013-2014

Kæri viðtakandi

Barna- og unglingaráð ÍR handbolta vill stuðla að eflingu íþróttar í Breiðholti og tengja betur saman iðkendur okkar sem koma úr mismunandi skólum á svæðinu og foreldra þeirra, með því að búa til ÍR miðpunkt í Austurbergi fyrir alla sem koma að barna- og unglingastarfinu, sem og alla stuðningsmenn ÍR

Mótamál Tímabilið 2013 - 2014

Íslandsmót

Samkvæmt vef HSÍ þá eru flest A liðin okkar á topp 10 lista. Sem er mjög flottur árangur þar sem flest lið hafa verið í baráttu í 1. og 2. deild og unnið sig upp og niður eins og gengur og gerist.

Aðalmálið er að allir hafi haft gaman og er ánægjulegt að sjá hversu vel þjálfurum okkar hefur tekist að búa til flotta liðsheild hjá iðkendum okkar.

Í þessum árgöngum erum við yfirleitt með 2 til 3 lið á hverju móti í ka. og kv. flokk, en við vorum að vísu með 8. lið í 7.fl. kv. og 7 lið í 7.fl. ka. sem fóru á Selfoss mótið í vor og er það dæmi um frábært starf sem er að skila sér inn í deildina þar sem þetta er aukning um heil 5 lið á milli ára í þessum árgang hjá okkur.

Þegar þetta er ritað eru 4. flokkur yngra árs ka., 4. flokkur eldra árs kv. og 3. flokkur kv. komin í fjöggra liða úrslit í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Einnig er 4. fl. ka. eldra í B-úrslitum Íslandsmóts og 3.fl. ka. endaði í 2. sæti í B-úrslitum seinustu helgi.

Bikarkeppni HSÍ

Strákarnir í 4. flokki karla eldra árs léku til úrslita í Laugardalshöll við ÍBV í Coca Cola Bikarnum. Fyrir þann leik settum við upp viðburð á Facebook okkar sem auglýsti þennan leik og náði það til 12.000 manns samkvæmt vefmælingum. Það voru síðan 700-800 áhorfendur sem komu og þar var virkilega gaman að sjá ÍR-fjölskylduna mæta og þar með talið leikmenn og þjálfara mfl. ka. og kv. ásamt stórum hóp iðkenda og foreldra.





Strákarnir í 4.fl. ka. geta svo sannarlega borið höfuðið hátt að komast alla leið í úrslitaleikinn í bikarnum og landa þar silfri gegn sterkum andstæðingum. Þeir fengu að upplifa það sem alla dreymir um, að spila á stórasviðinu úrslitaleik í Laugardalshöll. Þeir voru félaginu til sóma og virkilega gaman að fá að fylgjast með þessum efnilegu strákum.

HSÍ á einnig hrós skilið fyrir frábæra umgjörð þessa helgi sem er komin til að vera.



Takk fyrir okkur þetta var meiriháttar helgi ! #irhandboltii #cocacolabikarinn

Instagram og Facebook okkar komu öllu til skila





irhandbolti


ÍR Handbolti <http://facebook.com/Handbolti>

Follow



irhandbolti

Við tókum myndir og video af leikjum strákanna og mfl. kv. þessa bikarhelgi og settum á Facebook og instagram. Heimsóknir voru tæplega 26.000 þessa viku og myndir voru skoðaðar tæplega 96.000 sinnum !



Ef við setjum þessar 26.000 heimsóknir þessa viku í samheingi við þekktar stærðir í vefmælingum, þá er hægt að segja að við höfum verið með 19. vinsælasta vef Íslands þessa viku (bikarhelgin) ef litið er til vefmælinga modernus samanber mynd hér að neðan.

modernus

fírmabil

Vika 09 (24.02.2014 - 02.03.2014)

flokkun

Allir flokkar

birta

sími 578 2030

opna svarbox

Samræmd Vefmæling - síðan 1.mai 2001

sækja xml / xls

nr.	vefur	útgefandi	notendur	%	daglegir notendur	%	innlit	%	flettingar	%	innler
1	mbi.is/...	Árvakur hf.	507.274	3,1%	184.294	4,3%	2.708.615	4,1%	11.951.476	3,7%	85,3%
2	visir.is/...	365 miðlar ehf.	445.615	5,3%	157.494	7,3%	2.160.671	9,8%	7.407.657	9,5%	85,5%
3	dv.is	DV ehf.	339.412	8,1%	118.828	8,9%	1.604.410	10,1%	5.279.850	7,2%	87,5%
4	pressan.is	Vefpressan ehf	244.550	-3,9%	74.898	-2,7%	859.029	0,3%	2.291.617	2,5%	87,2%
5	ja.is	Já Upplýsingaveitur ehf.	227.734	1,6%	56.461	1,9%	534.436	1,9%	1.551.993	0,8%	95,7%
6	ruv.is	Ríkisútvarpið ehf.	182.800	-1,6%	51.616	1,7%	604.156	4,4%	1.858.004	4,5%	83,6%
7	bland.is	Bland ehf.	145.874	17,7%	38.349	14,1%	440.653	10,2%	4.223.332	2,0%	94,2%
8	menn.is	H-Karlamiir	127.142	-18,0%	33.785	-14,6%	335.058	-8,8%	739.079	-5,0%	90,4%
9	vedur.is	Veðurstofa Íslands	105.633	-12,1%	27.809	-12,1%	287.378	-11,3%	760.191	-12,2%	69,7%
10	fbolti.net	Fótbolti ehf.	84.631	-1,0%	30.494	-1,8%	439.272	-3,0%	1.536.262	-4,4%	89,6%
11	hun.is	Þúfa ehf.	67.253	-27,1%	12.935	-31,9%	103.482	-32,1%	217.407	-25,1%	91,0%
12	blog.is	Árvakur hf.	65.292	9,1%	13.899	12,5%	131.539	14,8%	344.908	14,7%	78,5%
13	livefromiceland.is	Míla ehf.	51.602	179,7%	9.479	139,8%	81.473	119,9%	323.959	54,7%	58,5%
14	433.is	Þúfa ehf.	46.304	3,7%	15.629	3,1%	210.711	1,0%	568.153	-1,0%	92,5%
15	vb.is	Mylusetur ehf.	44.366	3,4%	11.135	2,6%	120.400	4,8%	304.558	9,0%	86,9%
16	midi.is	Míði ehf.	35.621	-10,3%	6.150	-10,7%	49.108	-10,8%	187.891	-10,9%	94,2%
17	althingi.is	Alþingi	27.693	57,3%	6.069	54,9%	63.146	55,0%	277.566	43,9%	89,1%
18	icelandreview.com	Útgáfufélagið Heimur hf.	27.133	31,0%	4.642	28,4%	36.719	27,4%	88.301	22,7%	13,7%
19	island.is	Þjóðskrá Íslands	26.151	3,8%	5.262	5,7%	46.341	6,4%	124.724	6,4%	91,5%
20	vt.is/...	Víkurféttir ehf.	25.069	3,3%	6.335	4,7%	65.851	8,1%	174.862	13,4%	89,5%
21	visindavefur.is	Háskóli Íslands Vísindavefur	24.066	5,9%	3.907	5,3%	30.045	5,2%	47.757	4,2%	92,7%
22	grapevine.is	Fröken ehf	23.972	26,6%	4.118	27,5%	32.385	27,2%	57.362	21,0%	27,9%
23	straeto.is	Strætó bs.	23.790	0,9%	4.541	-0,1%	37.992	-0,7%	70.592	-2,8%	96,5%
24	rsk.is	Ríkisskattstjóri	23.725	0,8%	4.437	0,7%	38.930	0,1%	134.652	-5,0%	92,3%
25	pjatt.is	Pjatt síf.	23.715	13,8%	4.459	7,4%	35.542	2,7%	64.171	-2,4%	89,4%
26	visiticeland.com	Ferðamálastofa	23.428	5,0%	3.594	4,7%	27.410	4,0%	98.317	0,1%	5,3%
27	reykjavik.is	Reykjavíkurborg	21.431	-6,2%	3.893	-6,1%	32.183	-5,9%	127.783	-0,2%	89,9%
28	bb.is	Gúttó ehf.	18.720	-5,0%	4.730	-3,8%	55.218	-0,2%	160.570	-4,2%	87,3%
29	spyr.is	Confirmed news ehf.	18.608	-44,4%	3.657	-40,5%	30.397	-38,1%	47.821	-30,4%	91,8%
30	timarit.is	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	17.366	-6,8%	2.923	-6,4%	23.874	-6,1%	131.637	-5,8%	81,9%
31	mottumars.is	Krabbameinsfélag Íslands	14.086	3.230,0%	2.253	3.366,2%	18.894	3.803,7%	66.940	3.868,0%	89,9%
32	nams.is	Námsgagnastofnun	14.024	3,7%	2.470	2,9%	19.939	1,1%	131.262	0,8%	96,4%
33	iceland.is	Íslandsstofa	13.700	10,9%	2.039	10,6%	15.003	9,9%	36.831	12,3%	6,1%
34	leit.is	Leit.is ehf.	13.039	-0,4%	4.697	0,2%	84.079	0,9%	234.960	2,2%	92,0%
35	skessuhorn.is	Skessuhorn ehf.	11.314	29,8%	2.614	15,2%	26.351	9,9%	50.973	1,9%	88,3%
36	austurfrett.is	Austurféttir ehf.	10.534	-50,6%	2.090	-48,6%	17.807	-46,2%	73.487	-36,4%	87,5%
37	vikudagur.is	Útgáfufélagið ehf.	10.079	-17,7%	2.194	-13,4%	19.835	-12,2%	34.869	-13,2%	90,5%
38	harpa.is	Harpa tónlistar og ráðstefnuhús	9.681	41,4%	1.559	42,8%	12.189	43,5%	37.570	31,4%	77,3%
39	landspitali.is utvefur	Landsþítali - háskólasjúkrahús	9.617	4,3%	1.896	4,8%	16.687	5,0%	49.347	7,3%	93,1%
40	ordabok.is	Ordabók.is síf.	9.273	-0,4%	2.553	-0,3%	30.128	-1,8%	181.721	-5,1%	89,4%

IR Handb.

26.000

Við áttum 7 lið í úrslitum Reykjavíkurmóts þetta árið og eignuðumst 2 nýja Reykjavíkurmeistara

Flottur árangur í Reykjavíkurmótinu þar sem 7 lið í öllum árgöngum ka. og kv. spiluðu til úrslita og á endanum uppskárum við tvo Reykjavíkurmeistara í 4.fl. ka. eldra og 6.fl. kv. eldra.





Alltaf gaman að ná því að verða deildarmeistari í umferðum Íslandsmóts

“Við hvetjum foreldra til að senda okkur myndir eins og þessa hér að ofan frá mótum sem liðin okkar eru að keppa á. Ein svona mynd er að fá allt að 7.000 skoðanir á Facebook og við höfum séð nýja iðkendur koma á æfingar eftir mót þegar svona myndir eru settar inn ”

Við vorum gestgjafar á 3. Íslandsmótum 2013-2014

Barna- og unglingaráð ÍR handbolta sá um að halda 3 Íslandsmót í 7. til 5. fl. þetta árið í karla og kvenna flokk. Mjög gaman að sjá öll þessi flottu lið sem mættu til okkar í Austurberg og Seljaskóla að þessu sinni og voru þau öll til fyrirmyndar og virkilega gaman að fá þau í heimsókn.

Þar sem þetta voru stór mót þá var leitað til foreldra í viðkomandi flokk sem hélt mót í hvert skipti til að aðstoða, og sýnir það sig að með slíkt bakland er hægt að halda úti þessu starfi og gera það enn betra, enda kunnum við í barna- og unglingaráði þeim bestu þakkar fyrir þeirra frábæru aðstoð.

Til að varðveita minningar og gera þetta enn þá skemmtilegra tókum við fullt af myndum á hverju móti og settum þær inn á Facebook síða okkar (ÍR Handbolti) og bloggsíður þess flokks sem hélt mótið. Sem dæmi þá vorum við að taka frá 1.500 til 2.500 myndir af öllum liðum á mótum okkar sem við settum inn á síðurnar okkar og í lok hvers móts þá fengu þjálfarar póst með hlekkjum inn á myndaalbúm og Facebook okkar til að þeir gætu komið þeim áleiðis til foreldra viðkomandi liðs.

Þannig deildust myndirnar í gegnum Facebook eða inn á fréttaveitu félaga sem tóku þátt eins .

Öll úrslit voru einnig birt í rauntíma um leið og leikir kláruðust þannig að aðstandendur sem ekki komust til að horfa gátu fylgst með úrslitum um leið og leikir kláruðust.

Liðsmyndir af öllum liðum við ÍR vegg í Austurbergi, ásamt 1500-2500 „Action“ myndum á velli á Facebook og myndaalbúnum ÍR Handbolta.



bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun



bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun bin verslun



Sérverkefni sem Barna og Unglingaráð ÍR handbolta tók að sér 2013 - 2014

B-úrslita keppni 3. flokk karla

Sem fór fram 26.- og 27. apríl í Austurbergi þar sem strákarnir okkar í 3.fl. náðu 2. sæti



B-úrslita keppni 4. flokks karla eldra árs

Sem fer fram fös. 2.- og lau. 3. maí í Austurbergi, þar sem við eigum flotta fulltrúa enda er það von okkar að strákarnir skili sér í undanúrslit og tryggi sér farseðil í úrslitaleikinn.

Úrslitadagur yngriflokka.

Sem fer fram sun. 4. maí í Austurbergi.

Leikirnir verða sýndir beint á SportTV og geta liðin komið með USB-kubb og fengið leikinn strax að honum loknum. Einnig verður ljósmyndari á staðnum og tekur myndir úr leikjunum.

Einnig mun hann taka liðsmýndir eftir leikina sem verður í boði bæði fyrir sigurliðið sem og silfurliðið.

PARTILLE CUP 2013



Sumarið 2013 fóru 22 iðkendur í 4.fl. (árg. 1998) á Partille Cup í Svíþjóð á vegum ÍR. Farastjórar voru duglegir að miðla daglega fréttum og myndum af því sem á daga hópsins bar. Facebook ÍR Handbolta og bloggsíður voru nýttar í það fréttastreymi. Þegar upp var staðið voru teknar rúmlega 1300 myndir í ferðinni sem hafa verið mikið skoðaðar enda eru þær lifandi dagbók hópsins á Facebook ÍR Handbolta!

Skemmst er frá því að segja að bæði liðin okkar komust í 4 liða B-úrslit og voru sér og félaginu til mikils sóma.



ÍR handbolt á flottan fulltrúa í úrvalsliði Reykjavíkur

Harpa Lind Róbertsdóttir leikmaður í 4.fl. kv. hefur verið valin í úrvalslið Reykjavíkur sem tekur þátt í Grunnskólamóti Norðurlanda ,sem fer fram í Reykjavík 18.-23.maí.

Við erum virkilega stolt af því og vonum að liðinu gangi frábærlega á þessu móti í sumar.



ÍR-ungar hvattir til að prófa margar íþróttagreinar

Við komum að verkefninu ÍR-ungar sem Íþróttafélag Reykjavíkur er farið í gang með fyrir börn í fyrstum tveimur árgöngum grunnskólans. Eitt gjald er greitt fyrir iðkanda sem getur æft hjá sex deildum ÍR eins oft og hann vill yfir önnina. Þannig getur barnið flakkað á milli íþróttanna að eigin vilja. Eina vikuna er hægt að einbeita sér að handbolta, þá næstu að frjálsum íþróttum eða flakka á milli íþróttagreina í hverri viku. Auk þess er hægt að æfa knattspyrnu, körfubolta, keilu og skíði.

Við köllum verkefnið ÍR-ungar og er þungamiðjan í íþróttahúsinu við Austurberg. Þaðan er boðið upp á rútufærðir í það íþróttahús þar sem æfingin í viðkomandi íþróttagrein fer fram. Til að reyna að ná til sem flestra í hverfinu voru sendu út bréf, bæði á íslensku og ensku, til forráðamanna allra sex og sjö ára barn í póstnúmerum 109 og 111. Í bréfinu er minnt á að Aníta Hinriksdóttir, Evrópu- og heimsmeistari ungmenna í 800 metra hlaupi, hafi meðal annars kynnst júdó, sundi, handbolta og körfubolta áður en hún hafi hellt sér út í frjálsar íþróttir.

Í kjölfar þessa verkefnis hefur orðið töluverð aukning á iðkendum í yngsta árgang okkar í 8.fl. og 7.fl. karla og kvenna sem kemur síðan til með að skila sér í eldri flokka eftir nokkur tímabil.



„Íþróttir eiga fyrst og fremst að vera skemmtilegar, en líkamlegt og andlegt hreysti sem hlýst af reglulegri hreyfingu hefur einnig mikið forvarnargildi,”

ÍR handbolti er meira en bara æfingar við erum „Miðpunktur“ á vefnum og tengjum barna- og unglingastarfið saman þar. Enda stýrum við 20 vefsvæðum hjá öllum flokkum ásamt Facebook síðu ÍR Handbolta.

Við eigum og stýrum bloggsíðum hvers flokks og er hver síða með undirsíður þar sem koma framhelstu upplýsingar um flokk, þjálfara og helstu upplýsingar sem þarf fyrir foreldra varðandi starfið. Einnig er hver flokkur með sína YouTube rás og Picasa myndaalbúm þar sem við erum að safna sögu flokks í myndum frá hinum ýmsu viðburðum og mótum sem okkar krakkar taka þátt í.



YouTube leit að orðinu „handbolti“

Sem dæmi þá er það nú þannig að ef leitað er á YouTube eftir orðinu „handbolti“ þá koma 21 myndband í ljós á fyrstu síðu á YouTube og **við hjá ÍR Handbolta eigum 12 af þeim eða 57% á fyrstu síðu.**

Facebook tengir okkur saman og eflir barna- og unglingastarfið

Við erum virk á Facebook og þar kemur barna og unglingastarfið sterkt inn enda á síðan okkar núna tæplega 1350 vini.

Þegar við heldum mót hjá 5..flokk karla þá voru það **18.500** sem skoðuðu fréttir og myndir þaðan sem við tókum og við settum inn á Facebook ÍR Handbolta.

Þetta sýnir umfram allt að til að efla handbolta starfið þá verður að leggja áherslu á síður yngri flokka og efni tengt þeim á vef og í blöðum og stuðla þannig að því að virkja krakka til að koma að æfa hjá hinum ýmsu deildum. Það ýtir við krökkum sem skoða þetta að sjá skólafélaga með medalíur um háls eða í skemmtilegum ferðum hingað og þangað. Þarf ekki meira en mynd og jafnvel ekki einu sinni texta undir. Því "Þetta er ÍR Handbolti" er nóg.

Nokkur félög hafa þegar stofnað sér "Handbolta" Facebook síður og er það frábært því þannig getum við tengt starfið saman á milli hverfa og landshluta með því að deila myndum frá öðrum félögum og eflt starfið þannig enn frekar.



Facebook síða ÍR Handbolta á tæplega 1350 vini sem fá reglulega uppfærslur um starfið okkar.


Við leggjum áherslu á að foreldrar haldi áfram með "Leikmannasöguna"

Við hvetjum alla foreldra sem fara á mót til að taka myndir af krökkunum og setja inn á myndasíður hjá flokkunum. Ef þau eru ekki viss hvernig þetta er gert er þessum myndum bara komið á þjálfara á USB lyklum og þeir koma þeim áleiðis á vefstjóra ÍR Handbolta sem setja þær þá inn.

Það gerist ekkert að sjálfu sér, ... foreldrar eru okkar fréttamenn og skrá sögu ÍR Handbolta með því að taka myndir. Öllum myndum er hlaðið inn á myndasíður og Facebook ÍR Handbolta í þeim gæðum sem Blogg-síður bjóða upp á til þess að leikmannasaga flokks myndist í myndum.

Við viljum einnig að næstu foreldrar haldi áfram með "Leikmannasöguna" á myndasíðu flokks og hlaði inn myndum sem þeir taka af mótum og viðburðum sem leikmenn viðkomandi flokks taka þátt í. Myndirnar verða geymdar þar þannig að þegar þessi hópur af krökkunum okkar verður kominn upp í meistaraflokk, þá sjá strákar og stelpur sem eru að byrja að stunda handbolta eftir 10 ár hverjir hafa farið í gegnum þennan 7.-, 6.-, 5-, og upp í meistaraflokk.

Þannig að tilvonandi fyrimyndir og landsliðsmenn og konur næstu kynslóða "Strákarnir & Stelpurnar okkar" verða hér í myndum á blogg-síðum og Facebook ÍR Handbolta



Dæmi úr Picasa albúmi 5.flokks þar sem eru 43 albúm með frá 30 til 300 myndum hvert

Það er fullt af fólki sem er að gera góða hluti

Öll vinna í kringum Barna- og Unglingaráð ÍR er unnin í sjálfboðavinnu og allar auglýsingar sem við fáum eru þar af leiðandi í formi styrkja sem fara í að efla barna- og unglingastarfið hjá okkur. s.s. greiða þjálfurum laun, greiða niður námskeið sem við viljum að þjálfara okkar sæki til að efla þeirra þekkingu og kunnáttu. Umgjörð í kringum handboltann svo sem aðstaða í Austurbergi fyrir krakkana og foreldra, búningar á þjálfara og dómara þannig að við séum félagi og hverfi okkar til sóma.

Einnig er okkar hlutverk að stuðla að því að allir krakkar geti stundað handbolta óháð efnahag og því vinnum við náið með þjálfurum okkar til að finna hvar við getum aðstoðað og haldið krökkum inni í starfinu sem virkilega þurfa á aðstoð. Með tíð og tíma vonumst við til að geta náð auknum tekjum inn í starfsemina með auglýsingum og stuðlað þannig að lægri æfingagiöldum hjá okkur og aukningu í starfinu, enda voru það krakkarnir okkar sem voru aðalstuðningsfólk meistaraflokks.

Þau framtíð ÍR og handboltans á Íslandi og við eigum að halda áfram að styrkja þá sýn.

Fulltrúar okkar í landsliðum Íslands

Við höfum átt flotta fulltrúa landsliðum Íslands og æfingahópum á þessu tímabili. Þegar æfingahópar HSÍ eru kynntir þá setjum við ávalt út frétt á Facebook ÍR Handbolta þar sem við erum virkilega stolt að krakkarnir okkar nái þessum áfanga.

Æfingahópur U17 landslið kvenna



Brynhildur Bergm Kjartansdóttir Sigrún Ása Ásgrímsdóttir



Arnar Freyr Guðmundsson



Ólafur Matthíasson

Æfingahópur stúlkna fæddar 1998



Karen Tinna Demian



Hildur Lovísa Hlynisdóttir



Stefanía Engilbertsdóttir



María Mist Jóhannsdóttir

Barna og Unglingaráð tekur að sér að sjá um heimaleiki meistaraflokks

Tímabilið 2012-2013 voru ÍR nýliðar í N1 deildinni og var ákveðið að Barna og Unglingaráð ÍR handbolta tæki að sér umgjörð heimaleikja og var það tvennt sem réði því, í fyrsta lagi hafði Barna og Unglingaráð sýnt það að allt sem það tekur sig fyrir hendur er gert 110% og mikilvægt að vel tækist til á fyrsta ári í úrvalsdeild í öðru lagi var hugmyndin að tengja betur saman meistaraflokk og yngriflokka.

Á öllum heimaleikjum leiddi einn yngriflokkur meistaraflokk inn og var mikil eftirspurn að fá að leiða inn hetjurnar einnig sáu 4-5 flokkur um að moppa gólfinn á heimaleikjum og voru færri sem komust að þar en vildu. Með því að láta yngriflokka vera þátttakendur í framkvæmd svona leikja þá syttist bilið á milli meistaraflokks og yngriflokka og eykur líkur á að iðkendur haldist í íþróttinni og jafnvel laði fleiri iðkendur að.

Nú hefur þetta fyrirkomulag verið í tvö ár og reynslan góð! Foreldrar sem koma með iðkenndum til að leiða inn, koma aftur á heimaleiki og þannig hefur tekist vel að fjölga áhorfendum á heimaleikjum hjá okkur, ásamt því að byggja öflugan kjarna í kringum starfið allt.



Dómaraakademian. Framtíðar dómarar verða til.

Á yfirstandandi tímabil vorum við með A-stigs dómaranámskeið þar sem fleiri dómarar bætust í hópinn hjá okkur og voru það bæði iðkendur og foreldrar, eru þá tæplega 100 dómarar hjá okkur a,b og c stigs. Við hvetjum foreldra til að taka dómaraprófið með krökkunum sínum og því erum við

komin með töluverðan fjölda af feðga- og feðginadómarapörum sem er virkilega skemmtilegt þegar þetta verður svona fjölskyldusport.



Barna- og unglingaráð ÍR handbolta (BOGUR) ásamt þjálfararáði yngri flokka tímabilið 2013-2014

*Bjarki Gunnarsson
Davíð Hedin
Elías Jóhannesson
Gísli Páll Reynisson
Hilmar Jacobsen
Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir
Kristín Ásta Ólafsdóttir
Kristín Björg Kristinnsdóttir
Rannveig Oddsdóttir
Siggeir Kolbeinsson
Valdimar Jónsson
Þorgeir Guðfinnsson*

Erlendur Ísfeld, Vigfús Þorsteinsson og Kristín Aðalsteinsdóttir mynda þjálfararáð ÍR og eru eins konar yfirþjálfarar **Yngri flokka** ÍR Handbolta